

Fullgild rafræn undirskrift

**GUNNLAUGUR S GUNNLAUGSSON**

Kennitala: 291758 5739  
2023-09-20 14:08:38 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**STEFÁN BALDVIN FRÍÐRIKSSON**

Kennitala: 311063 5029  
2023-09-20 14:42:08 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**MATTHÍAS ÞÓR ÓSKARSSON**

Kennitala: 070575 5079  
2023-09-20 15:08:42 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**STEINUNN HULDA MARTEINSDÓTTIR**

Kennitala: 310166 5379  
2023-09-20 18:47:59 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**EINAR SIGURDSSON**

Kennitala: 230877 5999  
2023-09-21 10:23:22 GMT  
Ástæða: Undirskrift

# Ísfélag hf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2023



Ísfélag hf. | Tangagötu 1 | 900 Vestmannaeyjar | kt. 660169-1219

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>Bls.</b>
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarrafkomu .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðsstreymisyfirlit .....	10
Eiginfjáryfirlit .....	11
Skýringar .....	12

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ísfélag hf. er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög en félagið er elsta starfandi hlutfélag á Íslandi. Félagið gerir út tíu fiskiskip, fjögur uppsjávarskip, fjögur bolfiskskip, frystitogara og krókabát og vinnur afurðir í frystihúsum, rækjuvinnslu og fiskimjölsverksmiðjum sem staðsettar eru í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Siglufirði og á Þórshöfn. Hlutverk félagsins er að stunda veiðar og framleiða hágæða afurðir úr bolfiski og uppsjávarfiski.

Árshlutareikningur Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Árshlutareikningurinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

## Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	1.1.-30.6.2023	1.1.-31.12.2022
Rekstrartekjur félagsins námu.....	82.239.140	163.714.107
Hagnaður félagsins nam.....	17.912.687	61.312.614
Fjöldi ársverka nam á tímabilinu/árinu.....	117	233
	<b>30.6.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Eignir félagsins námu.....	769.840.844	335.279.667
Bókfært eigið fé nam.....	480.718.634	228.654.246
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	62,4%	68,2%

Rekstur félagsins gekk nokkuð vel á tímabilinu. Loðnuvertíðin á tímabilinu var stór, en enn er eftir að selja töluvert af afurðum vertíðarinnar. Á tímabilinu var lokið að byggt nýtt hrognahús í Vestmannaeyjum sem var tekið í notkun í byrjun mars 2023 ásamt því að fjárfest var í búnaði vinnslum félagsins.

Stjórnir Ísfélags Vestmannaeyja hf og Ramma hf undirrituðu þann 29. desember 2022 samning um samruna félaganna tveggja. Samruna var lokið 14. júní 2023 eftir að skilyrðum samningsins varðandi samþykki hluthafa og Samkeppniseftirlitsins. Félögin starfa bæði í sjávarútvegi en Rammi hf rekur frystitogara fyrir bolfisk, rækjuverksmiðju á Siglufirði og bolfiskvinnslu í Þorlákshöfn. Helsta dótturfélag Ramma hf er Primex ehf sem vinnur kítósan úr rækjuskel og afleiddar vörur úr því. Í skýringu 17. er nánar fjallað um samrunann og áhrif hans á efnhaga félagsins. Í kjölfar sameiningar var nafni félagsins breytt í Ísfélag hf.

Þann 8. mars 2023 var tilkynnt um samstarf Ísfélags hf og Måsøval Eiendom AS varðandi eignarhald í Ice Fish Farm AS, sem er skráð félag í Noregi og rekur laxeldi í sjó á austurlandi. Eignarhaldsfélagið, þar sem Ísfélag hf. á um 30% hlut er stærsti eigandi laxeldisyrirtækisins með 56,1% hlut.

Í árshlutareikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum félagsins.

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir úthlutun aflaheimilda, gangi veiða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma og getur þá orðið mikill tímamunur á því hvenær lagt er út fyrir kostnaði og hvenær tekjur skila sér. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga, til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins. Á árinu 2022 voru endurákvörðuð skattskil félagsins vegna fyrri ára. Félagið hefur kært þann úrskurð sem bíður niðurstöðu Yfirkattsnefndar.

## Hluthafar

Skráð hlutfé félagsins í lok júní nam kr. 818.612.313 en félagið á eigin hluti af nafnverði 44.041.919. Í lok júní voru 268 hluthafar (136 í árslok 2022). Á hluthafafundi 14. júní var samþykktur samruni við Ramma hf. Hluthafar í Ramma hf. fengu við samrunann sem gagngjald kr. 243.215.104 hluti útgefna í Ísfélagi hf. og fjölgaði þá hluthöfum um 133.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra (frh.)

Tíu stærstu hluthafar eru sem hér segir miðað við lok júní 2023:

	Hlutdeild	Hlutir
ÍV fjárfestingafélag ehf. ....	61,1%	472.877.741
Marteinn Haraldsson ehf. ....	12,3%	95.145.581
Gunnar Sigvaldason.....	6,8%	52.743.201
Svavar Berg Magnússon.....	4,5%	34.977.248
Anna ehf. ....	2,4%	18.471.622
Jón Ingvar Þorvaldsson.....	1,5%	11.768.502
Fimman ehf. ....	1,4%	11.192.088
Guðmundur Sigurðsson.....	0,9%	7.005.376
Valgerður Sigurðardóttir.....	0,9%	7.005.376
Friðgeir Sigurðsson.....	0,9%	7.005.323
Aðrir hluthafar.....	7,3%	56.378.336
Eigin hlutir.....		44.041.919
	100%	818.612.313

### Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn félagsins leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum meginráttum. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningi félagsins fyrir árið 2022. Í stjórn félagsins sem kosin var á hluthafafundi þess 14. júní sitja þrír karlmenn og tvær konur. Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum, Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni stjórnarformanni, Einari Sigurðssyni, Guðbjörgu Matthíasdóttur, Gunnari Sigvaldasyni og Steinunni Huldu Marteinsdóttur.

Félagið birtir sérstaka ársskýrslu á vefsíðu sinni, [www.isfelag.is](http://www.isfelag.is), þar sem fjallað er um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð félagsins, ábyrgar fiskveiðar, umhverfis-, mannaúðs- og öryggismál ásamt siðferðislegum gildum félagsins.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2023 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ísfélags hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 20. september 2023

Í stjórn:

Forstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Ísfélags hf.

## Áritun um endurskoðun árschlutareikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað árschlutareikning Ísfélags hf. („félagið“) fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2023. Árschlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að árschlutareikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árschlutareikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun árschlutareikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 14. júní 2023.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 2 í árschlutareikningnum þar sem greint er frá því á árschlutareikningur er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árschlutareikninga, IAS 34 utan þess að samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðsstreymi og eiginfjáryfirliti eru birtar fyrir allt árið 2022 þar sem ekki liggur fyrir 6 mánaða uppgjör fyrir árið 2022.

### Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur félagsins 31. desember 2022 sem gerður var samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda Áritunin er dagsett 18. september 2023 og er án fyrirvara.

### Megináherslur við endurskoðunina

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun árschlutareikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á árschlutareikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

## Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun árschlutareikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á árschlutareikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
<b>Mat og tilvist birgða</b> Birgðir (sjá skýringu 10) í ársreikningnum nema USD 51,0 milljónum í lok júní 2023. Það samsvarar um 6,6% af heildareignum og 10,6% af eigin fé.  Kostnaðarverð/framleiðslukostnaðarverð birgða er háð mati stjórnenda og byggir á útreikningum um framlegð og öðrum forsendum stjórnenda, sem og samanburði við dagverð. Því er þessi liður lykilþáttur í endurskoðun okkar.	Endurskoðun á mati og tilvist birgða fólst meðal annars í: <ul style="list-style-type: none"><li>• Skoðun og úrtakstalningu á birgðum félagsins á reikningssskiladegi.</li><li>• Yfirferð á samsetningu birgða</li><li>• Aðferðafræði og forsendur stjórnenda við mat afurðabirgða annars vegar og rekstrarvörubirgða hins vegar voru yfirfarnar.</li><li>• Söluverðmæti afurðabirgða fyrir og eftir reikningssskiladag var yfirfarið með hliðsjón af mati afurðabirgða á reikningssskiladeg.</li><li>• Meðalframleiðsluverð afurðabirgða er meðal annars metið út frá framlegð deilda og því voru forsendur um framlegð og útreikningur framlegðar yfirfarnar.</li><li>• Fórum yfir viðeigandi skýringar í árschlutareikningi og ársreikningi 2022 og staðfestum að upplýsingar sem reikningssskilareglur kveða á um kæmu fram.</li></ul>

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árschlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árschlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árschlutareikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram árschlutareikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð árschlutareikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu árschlutareikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun árschlutareikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort árschlutareikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í árschlutareikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

## Ábyrgð

• Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum árshlutareikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

• Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald árshlutareikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun árshlutareikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum árshlutareikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 20. september 2023.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar- 30. júní 2023

	Skýr.	2023 1.1. - 30.6.	2022 1.1.-31.12.
Rekstrartekjur .....	3	82.239.140	163.714.107
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 52.488.254)	( 96.686.303)
<b>Framlegð .....</b>		29.750.886	67.027.804
Aðrar tekjur .....		404.458	837.569
Útflutnings- og dreifingarkostnaður .....		( 2.275.910)	( 3.168.933)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 3.056.129)	( 5.035.542)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		24.823.305	59.660.898
Fjáreignatekjur .....		1.316.379	14.205.604
Fjármagnsgjöld .....		( 3.896.061)	( 3.368.557)
Hreinar fjármagnstekjur .....	4	( 2.579.682)	10.837.047
Áhrif dóttur og hlutdeildarfélagá .....	8	423.400	4.139.560
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		22.667.023	74.637.505
Tekjuskattur .....	5	( 4.754.337)	( 13.324.891)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		17.912.687	61.312.614
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
Liðir sem síðar kunna að verða endurflokkaðir yfir rekstur:			
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í dóttur og hlutdeildarfélögum .....		( 5.777.398)	( 670.104)
<b>Heildarafkoma tímabilsins .....</b>		12.135.289	60.642.510
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		24.823.305	59.660.898
Fyrningar .....		5.454.720	10.278.380
EBITDA .....		30.278.025	69.939.278
Grunnhagnaður og þynntur hagnaðarhlutur .....	13	0,032	0,115

Skýringar á blaðsíðum 12-22 eru óaðskiljanlegur hluti árs Slutareikningsins

# Efnahagsreikningur 30. júní 2023

	Skýr.	30.6.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Aflaheimildir .....	6	399.566.468	127.505.652
Rekstrarfjármunir .....	7	142.196.764	98.589.353
Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélagum og samrekstri .....	8	90.442.151	12.350.646
Fjárfestingar á gangvirði .....	9	17.302.387	15.013.273
Langtímakröfur .....	17	8.979.213	9.570.816
Fastafjármunir		<u>658.486.983</u>	<u>263.029.740</u>
Birgðir .....	10	51.000.968	24.094.819
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	11	33.364.363	19.109.520
Næsta árs afborgun langtímakrafna .....	17	1.422.294	2.436.934
Handbært fé .....		25.566.236	26.608.654
Veltufjármunir		<u>111.353.861</u>	<u>72.249.927</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>769.840.844</u>	<u>335.279.667</u>
<b>Eigið fé</b>			
	12		
Hlutfé .....		6.183.170	4.405.931
Varasjóður .....		257.662.810	4.510.950
Þýðingarmunur .....		( 6.430.891)	( 653.493)
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		7.563.131	7.436.429
Óráðstafað eigið fé .....		215.740.414	212.954.429
Eigið fé		<u>480.718.634</u>	<u>228.654.246</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	14	134.901.379	48.883.866
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	79.393.345	31.742.315
Langtímaskuldir		<u>214.294.724</u>	<u>80.626.181</u>
Vaxtaberandi skuldir .....	14	11.885.326	3.567.302
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	16	56.555.398	11.147.648
Tekjuskattur til greiðslu .....	15	6.386.762	11.284.290
Skammtímaskuldir		<u>74.827.486</u>	<u>25.999.240</u>
Skuldir		<u>289.122.210</u>	<u>106.625.421</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>769.840.844</u>	<u>335.279.667</u>

Skýringar á blaðsíðum 12-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	2023 1.1.-30.6	2022 1.1.-31.12.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....		24.823.305	59.660.898
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýmun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna .....	7	5.454.721	10.278.380
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....		( 58.739)	( 23.599)
		<u>30.219.286</u>	<u>69.915.679</u>
Breytingar á birgðum .....		( 13.929.330)	( 3.072.641)
Breytingar á rekstartengdum eignum .....		( 4.436.357)	7.198.666
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		659.241	1.912.477
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		( 17.706.446)	6.038.502
Innborgaðir vextir .....		390.415	1.312.612
Greiddir vextir .....		( 1.545.198)	( 5.825.964)
Greiddir skattar .....		( 3.341.867)	( 7.467.577)
Handbært fé frá rekstri .....		<u>8.016.190</u>	<u>63.973.253</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		( 9.590.919)	( 13.348.472)
Fjárfesting í aflaheimildum .....		( 4.401.086)	0
Söluverð rekstrarfjármuna .....		86.552	0
Áhrif samruna að frádregnu yfirteknu handbæru fé .....		4.435.144	0
Fjárfesting í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum .....		( 61.017.823)	0
Fjárfesting eignarhluta í öðrum félögum .....		( 4.923.031)	( 7.745.050)
Langtímakröfur, breyting .....		2.142.726	4.883.632
Mótttekinn arður .....		20.232	76.628
Fjárfestingarhreyfingar .....		<u>( 73.248.205)</u>	<u>( 16.133.262)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		0	( 15.000.000)
Tekin vaxtaberandi lán .....		67.012.098	0
Afborganir leiguskuldar .....		( 14.476)	( 26.054)
Afborganir vaxtaberandi skulda .....		( 2.388.746)	( 22.412.259)
Fjármögnunarhreyfingar .....		<u>64.608.876</u>	<u>( 37.438.313)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....		( 623.139)	10.401.678
Handbært fé í ársbyrjun .....		26.608.654	18.657.844
Gengismunur af handbæru fé .....		( 419.279)	( 2.450.868)
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<u>25.566.236</u>	<u>26.608.654</u>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa</b>			
Úthlutaður arður .....		( 15.000.000)	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		15.000.000	0
Fjárfesting í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum .....		( 12.641.191)	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		12.641.191	0
Áhrif samruna að frádregnu yfirteknu handbæru fé .....		( 254.929.099)	0
Hlutfjárhækkun .....		254.929.099	0

Skýringar á blaðsíðum 12-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins

# Eiginfjáryfirlit 1.janúar til 30. júní 2023

	Hlutafé	Varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn hlutd.reikn.	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Árið 2022</b>						
Eigið fé 1.1.2022 .....	4.405.931	4.510.950	16.611	3.048.927	171.029.318	183.011.737
Hagnaður tímabilsins .....					61.312.614	61.312.614
Þýðingarmunur tímabilsins ...			( 670.104)			( 670.104)
Heildarafkoma tímabilsins .....	0	0	( 670.104)	0	61.312.614	60.642.510
Millifært á bundið eigið fé .....				4.387.502	( 4.387.502)	0
Arður, 0,028 USD á hlut .....					( 15.000.000)	( 15.000.000)
Eigið fé 31.12.2022 .....	4.405.931	4.510.950	( 653.493)	7.436.429	212.954.429	228.654.246
<b>Tímabilið 1.1-30.6.2023</b>						
Eigið fé 1.1.2023 .....	4.405.931	4.510.950	( 653.493)	7.436.429	212.954.429	228.654.246
Hagnaður tímabilsins .....					17.912.687	17.912.687
Þýðingarmunur tímabilsins ...			( 5.777.398)			( 5.777.398)
Heildarafkoma ársins .....	0	0	( 5.777.398)	0	17.912.687	12.135.289
Hlutfjárhækkun .....	1.777.239	253.151.860				254.929.099
Millifært á bundið eigið fé .....				126.702	( 126.702)	0
Arður, 0,019 USD á hlut .....					( 15.000.000)	( 15.000.000)
Eigið fé 30.06.2023 .....	6.183.170	257.662.810	( 6.430.891)	7.563.131	215.740.414	480.718.634

Skýringar á blaðsíðum 12-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Ísfélag hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Tangagötu 1, Vestmannaeyjum. Ísfélag hf. er fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, en starfsþættir félagsins eru útgerð og vinnsla.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 utan þess að samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðsstreymi og eiginfjárfirliti eru birtar fyrir allt árið 2022 þar sem ekki liggur fyrir 6 mánaða uppgjör fyrir árið 2022. Samandreginn árshlutareikningur Ísfélags hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins sem gerður var samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir árið 2022.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 18. september 2023.

### Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins sem gerður var samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í bandarískum dollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í USD nema annað sé tekið fram. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að eignarhlutar í félögum og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

### Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit

### Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á rekstrarstarfsþáttum og innri upplýsingagjöf félagsins. Félagið skiptist í tvo starfsþætti, Útgerð og vinnsla.

### Útgerð

Til tekna hjá útgerð telst sala útgerðar á sjávarafurðum sem og kvótaleiga. Í þeim tilfellum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla. Innri viðskipti vegna löndunar afla af skipum félagsins til vinnslu eru felld út við gerð árs hlutareiknings. Kostnaður samanstendur aðallega af hráefniskostnaði og rekstri skipa s.s. laun og launatengd gjöld sjómanna, veiðarfæri, veiðigjöld og olía sem og stjórnunarkostnaður.

### Vinnsla

Til tekna hjá vinnslu telst sala á sjávarafurðum en kostnaður samanstendur aðallega af kostnaði vegna eigin afla sem landað er úr skipum félagsins, öðrum hráefniskostnaði, launum og launatengdum gjöldum ásamt kostnaði við rekstur og viðhalds húsnæðis, véla og tækja.

	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>1.1. - 30.6.2023</b>				
Rekstrartekjur .....	37.284.056	76.703.597	( 31.748.513)	82.239.140
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 27.233.694)	( 57.003.073)	31.748.513	( 52.488.254)
<b>Framlegð .....</b>	10.050.361	19.700.525	0	29.750.886
Aðrar tekjur .....	264.663	139.795		404.458
Útflutnings- og dreifingarkostnaður .....	( 307.505)	( 1.968.404)		( 2.275.910)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 1.280.458)	( 1.775.671)		( 3.056.129)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	8.727.061	16.096.243	0	24.823.305
Hreinar fjármagnstekjur .....				( 2.579.682)
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага .....				423.400
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....				22.667.023
Tekjuskattur .....				( 4.754.337)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>				17.912.687
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	2.818.776	2.635.944		5.454.720
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	760.651	8.830.268		9.590.919
<b>1.1. - 31.12.2022</b>				
Rekstrartekjur .....	66.059.614	156.023.831	( 58.369.338)	163.714.107
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 48.392.335)	( 106.663.306)	58.369.338	( 96.686.303)
<b>Framlegð .....</b>	17.667.279	49.360.525	0	67.027.804
Aðrar tekjur .....	837.569			837.569
Útflutnings- og dreifingarkostnaður .....		( 3.168.933)		( 3.168.933)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 1.497.842)	( 3.537.700)		( 5.035.542)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	17.007.006	42.653.892	0	59.660.898
Hreinar fjármagnstekjur .....				10.837.047
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага .....				4.139.560
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....				74.637.505
Tekjuskattur .....				( 13.324.891)
<b>Hagnaður ársins .....</b>				61.312.614
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	5.552.550	4.725.830		10.278.380
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	3.334.103	10.014.369		13.348.472

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit (framhald) Landsvæðaskipting

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Rekstrartekjur sundurliðast á eftirfarandi hátt á landsvæði:		
Evrópa .....	67.140.839	122.562.438
Asía .....	12.936.453	35.565.089
Ameríka .....	634.078	2.567.692
Annað .....	1.527.769	3.018.888
Rekstartekjur samtals .....	<u>82.239.140</u>	<u>163.714.107</u>

Seldar vörur eru rekstrartekjur af samningum við viðskiptavinum og falla undir gildissvið IFRS 15, Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Aðrar tekjur félagsins samanstanda af annarri útseldri þjónustu og söluhagnaði varanlegra rekstrarfjármuna.

## 4. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur skammtímakrafna og handbært fé .....	286.715	439.531
Vaxtatekjur langtímakrafna .....	235.681	809.256
Arður af hlutabréfaeign .....	20.232	63.825
Gangvirðisbreyting fjárfestinga á gangvirði .....	0	374.800
Gangvirðisbreyting afleiðna .....	0	7.185.958
Hreinn gengismunur .....	773.751	5.332.234
Fjáreignatekjur samtals .....	<u>1.316.379</u>	<u>14.205.604</u>
Vaxtagjöld og verðbætur vaxtaberandi skulda .....	( 1.793.889)	( 3.056.995)
Önnur vaxtagjöld .....	( 63.613)	( 311.562)
Gangvirðisbreyting fjárfestinga á gangvirði .....	( 939.072)	0
Gangvirðisbreyting afleiðna .....	( 1.099.487)	0
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 3.896.061)</u>	<u>( 3.368.557)</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 2.579.682)</u>	<u>10.837.047</u>

## 5. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Frestaður tekjuskattur .....	( 131.671)	2.040.601
Tekjuskattur til greiðslu .....	4.886.008	11.284.290
	<u>4.754.337</u>	<u>13.324.891</u>

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins greinist þannig:

	2023		2022	
	1.1.-30.6.		1.1.-31.12.	
Hagnaður fyrir skatta	22.667.023		74.637.505	
Skattshlutfall .....	4.533.405	20%	14.927.501	20%
Fenginn arður .....	( 4.046)	0%	( 12.765)	0%
Matsbreyting hlutabréfa .....	187.814	1%	( 101.682)	0%
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarf. ....	( 84.680)	0%	( 827.912)	-1%
Áhrif gengismunar tekjuskattsskuldbindingar .....	119.922	1%	( 667.319)	-1%
Aðrir liðir .....	1.922	0%	7.068	0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>4.754.337</u>	21%	<u>13.324.891</u>	18%

# Skýringar

## 6. Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir greinast þannig:	<b>30.6.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Kostnaðarverð aflaheimilda 1.1 .....	144.475.562	144.475.562
Uppsöfnuð virðisryrnun 1.1 .....	( 16.969.910)	( 16.969.910)
Keypt á tímabilinu .....	4.401.086	0
Yfirtekið við samruna .....	267.659.731	0
Bókfært verð aflaheimilda 30.6/31.12. ....	<u>399.566.468</u>	<u>127.505.652</u>

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:	%Hlutdeild í úthlutun 30.6.2023	Úthlutaðar heimildir tonn	%Hlutdeild í úthlutun 31.12.2022	Úthlutaðar heimildir tonn
<b>Tegund:</b>				
Þorskur .....	6,22%	10.206	1,91%	3.131
Ýsa .....	6,60%	3.178	3,12%	1.503
Ufsi .....	7,57%	4.286	3,83%	2.166
Gullkarfi .....	5,72%	1.225	1,74%	374
Grálúða .....	7,37%	967	0,05%	7
Rækja .....	14,02%	717	0,69%	35
Skarkoli .....	7,41%	495	1,60%	107
Langlúra .....	33,84%	363	0,67%	7
Djúpkarfi .....	5,03%	302	1,80%	108
Síld .....	13,13%	9.470	13,13%	8.228
Norsk-íslensk síld .....	20,15%	17.637	20,15%	17.637
Loðna .....	19,99%	66.387	19,99%	62.358
Makrill* .....	12,41%	14.670	12,41%	14.919
Kolmunni .....	5,20%	14.136	5,20%	14.121
Aðrar kvótabundnar tegundir .....		482		246
Samtals aflaheimildir .....		<u>144.520</u>		<u>124.883</u>

### Krókaflahlutdeild félagsins greinist þannig:

Þorskur .....	0,44%	725	0,44%	725
Ýsa .....	0,26%	125	0,26%	125
Ufsi .....	0,11%	62	0,11%	62
Gullkarfi .....	0,02%	4	0,02%	4
Aðrar tegundir .....		29		29
Samtals aflaheimildir .....		<u>945</u>		<u>945</u>

\*Úthlutun fyrra tímabils 31.12.2022

Úthlutun aflaheimilda fer fram árlega í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum frá Hafrannsóknarstofnun, þann heildarafa sem veiða má úr nytjastofnum í íslenskri fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á.

Félaginu hefur verið úthlutað fyrir árið 2023 aflaheimildum sem nema 679 tonnum af þorski í norskrri lögsögu.

Útreikningur á þorskígildi miðast við margföldunarstuðla sem sjávarútvegsráðuneyti reiknar og gefur út ár hvert í samræmi við lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

# Skýringar

## 7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Fiskiskip og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Heildarverð 1.1.2022 .....	53.890.356	98.985.561	70.319.329	223.195.245
Viðbætur á árinu .....	7.869.894	888.383	4.718.086	13.476.363
Selt og niðurlagt .....	0	-	( 157.262)	( 157.262)
Heildarverð 31.12.2022 .....	61.760.250	99.873.944	74.880.153	236.514.346
Endurmat leigueignar .....	42.261	0	0	42.261
Viðbætur á árinu .....	3.459.720	760.651	5.370.549	9.590.919
Selt og niðurlagt .....	-	-	( 278.130)	( 278.130)
Yfirtekið í samruna .....	1.204.483	36.024.898	2.227.383	39.456.764
Heildarverð 30.6.2023 .....	66.466.714	136.659.493	82.199.954	285.326.161
<b>Afskriftir</b>				
Afskrifað 1.1.2022 .....	29.564.150	42.646.192	55.577.806	127.788.148
Afskriftir ársins .....	1.456.317	5.401.683	3.420.380	10.278.380
Selt og niðurlagt .....	0	-	( 141.535)	( 141.535)
Afskrifað alls 31.12.2022 .....	31.020.467	48.047.875	58.856.651	137.924.993
Afskriftir ársins .....	979.571	2.692.482	1.782.668	5.454.721
Selt og niðurlagt .....	-	-	( 250.317)	( 250.317)
Afskrifað alls 30.06.2023 .....	32.000.038	50.740.357	60.389.002	143.129.397
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2022 .....	24.326.206	56.339.369	14.741.523	95.407.097
31.12.2023 .....	30.739.783	51.826.069	16.023.502	98.589.353
30.6.2023 .....	34.466.676	85.919.136	21.810.952	142.196.764
Afskriftahlutföll .....	0-4%	5-10%	8-20%	

# Skýringar

## 8. Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu

Eignarhlutir í dóttur, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu greinast þannig:

	Eignarhlutur	Aðsetur	Bókfært verð	
			30.6.2023	31.12.2022
Fiskmarkaður Þórshafnar ehf. ....	100%	Ísland	518.721	481.314
Jörvi fasteignir ehf. ....	100%	Ísland	1.899.258	1.829.861
Austur Holding AS ....	29%	Noregi	67.112.861	-
Primex ehf. ....	100%	Ísland	4.857.126	-
Arctic Seafood Ltd. ....	100%	England	2.561.160	-
Ocean Ecofarm ehf. ....	40%	Ísland	2.367.775	
IVM2 ehf. ....	100%	Ísland	-	-
Lundey fjárfestingarfélag ehf ....	50%	Ísland	7.161.387	6.899.717
Iceland Pelagic ehf. ....	33,3%	Ísland	2.111.030	1.897.878
Pelagic Greenland A/S ....	33,3%	Grænland	1.119.217	535.071
Önnur félög ....			733.616	706.805
			90.442.151	12.350.646

Með hliðsjón af mikilvægi upplýsinga fyrir lesanda árs hlutareikningsins gerir félagið ekki samstæðuársreikning enda telur félagið að dótturfélögin hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin bæði ein og sér og sem heild.

Breyting eignarhluta í dóttur, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu greinist þannig:

	2023	2022
	1.1.-30.6	1.1.-31.12.
Staða 1.1. ....	12.350.646	8.678.394
Keypt á árinu ....	73.659.014	279.424
Yfirtekið við samruna ....	7.418.286	0
Hlutdeild í afkomu ....	423.400	4.139.560
Mótttekinn arður ....	0 (	76.628)
Þýðingarmunur ....	( 5.777.398)	( 670.104)
Endurflokkað ....	2.368.203	
Staða 31.12 ....	90.442.151	12.350.646

Þann 8. mars 2023 var tilkynnt um samstarf Ísfélags hf og Måsøval Eiendom AS varðandi eignarhald í Ice Fish Farm AS, sem er skráð félag í Noregi og rekur laxeldi í sjó á austurlandi. Í framhaldi af því var gengið frá kaupum Ísfélags hf. á 29,3% eignarhlut í Austur Holding AS. og var kaupverðið 73,7 millj. USD. Austur Holding AS er stærsti eigandi Ice Fish Farm AS með 56,1% hlut.

# Skýringar

## 9. Fjárfestingar á gangvirði

Félagið færir eignarhluta í félögum á gangvirði um rekstrarreikning. Félagið gerði vaxtaskiptasamninga á árinu 2022 sem eru afleiður færðar á gangvirði um rekstur. Afleiðusamningar skiptast í skammtíma- og langtímahluta á eigna- eða skuldahlíð efnahagsreiknings eftir stöðu þeirra og eftirstæðum líftíma á reikningsskiladegi.

Fjárfestingar á stigi 1 eru hlutabréf í skráðum félögum sem eru færð miðað við skráð markaðsvirði á reikningsskiladegi. Fjárfestingar á stigi 2 eru afleiðusamningar þar sem gangvirði er metið með hliðsjón af verði frá miðlara. Fjárfestingar á stigi 3 eru hlutabréf í óskráðum félögum og færðar miðað við síðustu þekktu viðskipti með bréf í viðkomandi félagi, innra virði eða á kostnaðarverði ef aðrar áreiðanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

	30.6.2023		31.12.2022	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Stig 1 .....	9.743.688	0	8.235.993	0
Stig 2 .....	7.621.742	1.535.271	7.834.767	648.809
Stig 3 .....	2.201.707	0	1.304.540	0
Samtals .....	19.567.137	1.535.271	17.375.300	648.809

Flokkun fjárfestinga á gangvirði í efnahagsreikningi:

	30.6.2023	31.12.2022
Fjárfestingar á gangvirði .....	17.302.387	15.013.273
Aðrar skammtímakröfur .....	2.264.750	2.362.027
Aðrar skammtímaskuldir .....	( 1.535.271)	( 648.809)

Breyting fjárfestinga á gangvirði á stigi 3 greinist þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Staða 1.1. ....	1.304.540	724.098
Keypt á árinu .....	2.476.263	580.442
Endurflokkað .....	( 2.368.203)	0
Yfirtekið við samruna .....	789.106	0
Staða 30.6./31.12 .....	2.201.707	1.304.540

## 10. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Afurðabirgðir .....	43.280.679	16.600.372
Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir .....	7.720.289	7.494.447
Birgðir samtals .....	51.000.968	24.094.819

# Skýringar

## 11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	<b>30.6.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Nafnverð viðskiptakrafna .....	21.574.628	11.231.984
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	( 471.847)	( 167.392)
	<u>21.102.781</u>	<u>11.064.592</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	<b>30.6.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Virðisaukaskattur .....	3.084.880	2.333.017
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	2.364.830	178.527
Fjármagnstekjuskattur .....	119.279	73.401
Vaxtaskiptasamningar .....	2.264.750	2.362.027
Aðrar kröfur .....	4.427.843	3.097.956
	<u>12.261.582</u>	<u>8.044.928</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>33.364.363</u>	<u>19.109.520</u>

## 12. Eigið fé

### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 818.612.313 í lok júní 2023 (31.12.2022: kr. 575.397.209). Hlutfé félagsins var hækkað um 243.215.104 hluti á tímabilinu vegna sameiningar félagsins við Ramma hf. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði kr. 44.041.919 sem færð eru til lækkunar á eigin fé (31.12.2022: kr. 44.041.919). Útistandandi hlutir í júnílok eru kr. 774.570.394 og eru þeir allir greiddir (2022: kr. 531.355.290). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

### Arður

Á hluthafafundi sameinaðs félags 14. júní 2023 var samþykkt að greiða hluthöfum arð á árinu 2023 að fjárhæð 15 millj. USD eða 0,019 USD per hlut (2022: 15 millj. USD eða 0,028 USD per hlut). Arðurinn er skuldfærður meðal annarra skammtímaskulda.

## 13. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutfjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutfé.

### Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-31.12.</b>
Hagnaður tímabilsins .....	17.912.687	61.312.614

### Vegið meðaltal hlutabréfa

Útistandandi hlutfé í uppi árs .....	531.355.290	531.355.290
Áhrif hlutfjárhækkunar 14. júní 2023 .....	21.619.120	0
Vegið meðaltal útistandandi hluta .....	<u>552.974.410</u>	<u>531.355.290</u>
Hagnaður á útistandandi hlut (USD per hlut) .....	0,032	0,115

# Skýringar

## 14. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Skuldir í USD .....	74.700.000	38.666.667
Skuldir í JPY .....	11.164.031	12.681.429
Skuldir í EUR .....	59.596.459	0
Leiguskuldbindingar í ISK .....	1.326.215	1.103.072
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	146.786.705	52.451.168
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda .....	( 11.885.326)	( 3.567.302)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals .....	134.901.379	48.883.866

Eignir félagsins eru veðsettar fyrir langtímaskuldum.

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	30.6.2023	31.12.2022
Afborganir 1.7.2023-30.6.2024/2023 .....	11.885.325	3.567.302
Afborganir 1.7.2024-30.6.2025/2024 .....	16.391.056	3.567.302
Afborganir 1.7.2025-30.6.2026/2025 .....	33.900.100	3.567.302
Afborganir 1.7.2026-30.6.2027/2026 .....	83.484.929	3.567.302
Afborganir 1.7.2027-30.6.2028/2027 .....	50.230	37.209.158
Afborganir síðar .....	1.075.064	972.802
	146.786.705	52.451.168

Á tímabilinu tók félagið langtímaskuldir að fjárhæð 67 millj. USD. Meðal langtímaskulda er fært veltílán sem félagið getur einhliða framlengt í ljósi þess er lánið fært meðal langtímaskulda.

Sem hluti af lánasamningum eru ákvæði um fjárhagslegar kvaðir sem félagið þarf að uppfylla, að öðrum kosti er lánveitandum heimilt að gjaldfella viðkomandi lán. Á reikningsskiladegi uppfyllir félagið allar fjárhagskvaðir í samræmi við lánasamninga.

Breyting á vaxtaberandi skuldum og leiguskulddum greinist þannig:

	30.6.2023			31.12.2022		
	Vaxtab. skuldir	Leiguskuldir	Samtals	Vaxtab. skuldir	Leiguskuldir	Samtals
Staða 1.1. ....	51.348.096	1.103.072	52.451.168	83.716.537	1.136.775	84.853.312
Tekin vaxtab. lán .....	67.012.098	0	67.012.098	0	0	0
Nýir leigusamningar ....	0	0	0	0	0	0
Afborganir .....	( 2.388.746)	( 14.476)	( 2.403.222)	( 32.585.203)	( 26.054)	( 32.611.257)
Gengism. og verðb. ....	( 769.456)	84.715	( 684.741)	216.762	( 7.649)	209.113
Yfirtekið í samruna .....	30.258.499	152.904	30.411.403	0	0	0
Staða 30.6 / 31.12. ....	145.460.490	1.326.215	146.786.705	51.348.096	1.103.072	52.451.168

# Skýringar

## 15. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Tekjuskattsskuldbinding 1.1. ....	31.742.315	29.613.883
Yfirtekið í samruna .....	47.782.701	0
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	4.754.337	13.324.891
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 4.886.008)	( 11.284.290)
Áhrif samsköttunar .....	0	87.831
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins .....	79.393.345	31.742.315

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á liði reikningskilanna:

	30.6.2022	31.12.2022
Rekstrarfjármunir .....	16.536.500	11.539.448
Óefnislegar eignir .....	60.736.338	17.492.897
Aðrir liðir .....	2.094.254	2.685.630
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins .....	79.367.092	31.717.975

## 16. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	30.6.2022	31.12.2022
Viðskiptaskuldir .....	10.534.739	8.229.021
Ógreitt kaupverð hlutdeildarfélags .....	12.641.191	0
Ógreiddur arður .....	15.000.000	0
Ógreiddur skattur fyrra árs .....	10.094.407	0
Afleiðusamningur .....	1.535.271	648.809
Ógreiddir launaliðir .....	5.041.836	1.365.863
Áfallnir vextir .....	1.268.888	635.622
Veiðigjöld .....	439.066	268.333
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	56.555.398	11.147.648

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila félagsins eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. dóttur, hlutdeildarfélög og samrekstur (skýring 8). Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Á meðal krafna eru skuldabréfalán til annarra tengdra aðila að fjárhæð 12.008 þúsund USD (2021: 15.105 þúsund USD). Vaxtatekjur eru vegna þeirra lána. Aðrar kröfur og skuldir er vegna viðskipta milli félagsins og tengdra aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 1.1. - 30.6.2023

	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélög .....	1.639.106	29.012.058	97.154	18.768.955	351.559
Aðrir .....	743.990	120.635	110.690	3.179.786	99.385
Samtals .....	2.383.097	29.132.694	207.844	21.948.742	450.944

Laun og hlunnindi stjórnenda og stjórnar námu 1.044 þúsund USD á tímabilinu 1.1. - 30.6.2023. (2022: 1.995 þúsund USD).

# Skýringar

## 18. Tengdir aðilar, frh.:

Viðskipti við tengd félög árið 1.1.- 31.12.2022

	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélög .....	3.015.085	44.837.452	161.722	13.345.239	628.553
Aðrir .....	2.260.011	149.471	257.884	4.714.244	220.996
Samtals .....	5.275.096	44.986.923	419.606	18.059.483	849.549

Laun og hlunnindi stjórnenda og stjórnar námu 1.995 þúsund USD á árinu 2022. (2021: 1.897 þúsund USD).

## 19. Samruni við Ramma hf.

Stjórnir Ísfélags hf. (þá Ísfélags Vestmannaeyja hf.) og Ramma hf. undirrituðu þann 29. desember 2022 samning um samruna félaganna tveggja þar sem Ísfélag hf. var yfirtökufélagið. Samrunaáætlun á grundvelli samningsins var samþykkt af stjórnnum félaganna í byrjun maí 2023 og gerði hún ráð fyrir að hluthafar Ramma hf. fengju 243.215.104 hluti í hinu sameinaða félag, í skiptum fyrir hlutabréf sín í Ramma hf., eða sem næmi 31,4% af útistandandi hlutafé sameinaðs félags. Samruninn tók gildi þann 14. júní 2023 með samþykkt á hluthafafundum félaganna eftir að öllum skilyrðum samningsins hafði verið fullnægt þar með talið samþykki Samkeppniseftirlitsins. Reikningshaldslega miðast samruninn við 30. júní 2023.

Félögin hafa bæði starfað í sjávarútvegi en Rammi hf. gerði út frystitogara frá Fjallabyggð fyrir bolfisk og rækju og bolfiskskip frá Þorlákshöfn, rækjuverksmiðju á Siglufirði og bolfiskvinnslu í Þorlákshöfn. Dótturfélög Ramma hf. voru Primex ehf. sem vinnur kítósan úr rækjuskel og afleiddar vörur úr því og Arctic Seafood ltd. sem sér um sölu sjávarafurða félagsins á Bretlandsmarkaði.

Mat eigna við samrunann var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 30. júní 2023. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð tengdri sameiningunni. Allt yfirverð er heimfært á veiðiheimildir og myndast því ekki viðskiptavild. Gangvirði annarra eigna og skulda var metið jafnt bókfærðu virði viðkomandi liða í efnahagsreikningi Ramma hf.

Aðgreinanlegar eignir og skuldir yfirteknar við samrunann greinast þannig:

Óefnislegar eignir .....	267.659.731
Rekstrarfjármunir .....	39.456.763
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	7.418.286
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	789.106
Langtímakröfur .....	479.779
Birgðir .....	12.976.819
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	9.915.763
Handbært fé .....	4.435.144
Vaxtaberandi skuldir (langtíma) .....	( 24.870.175)
Tekjuskattsskuldbinding .....	( 47.782.701)
Vaxtaberandi skuldir (skammtíma) .....	( 5.541.228)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	( 8.507.435)
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 1.500.754)
Hrein eign yfirtekin .....	254.929.099

## 20. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir eftir reikningsskiladag sem skýra ber frá í árshlutareikningnum.